

Thorvaldsenbasar og gamla Hótel Vík. Vatnslitir, 1989.

Sigfús opnar með lúðrasveit og karlakór

Eftir eina viku, laugardaginn 8. des. verður mikið um dýrðir hjá hinu ástsæla tónskáldi og málara, Sigfúsi Halldórssyni. Hann stendur þá að sýningu á uppundir 100 vatnslitamyndum frá Reykjavík í vestursal Kjarvalsstaða. Hulda Valtýsdóttir, formaður menningamálanefndar Reykjavíkur, flytur ávarp og opnar sýninguna. Listamanninum til heiðurs munu vinir hans í Lúðrasveit Kópavogs og Karlakór Reykjavíkur flytja nokkur hinna alkunnu og vinsælu laga hans.


Þá mun og koma út listaverkabók um Sigfús, sem bókaforlagið Reykholt stendur að og verður hún kynnt á sýningunni. Formála að bókinni skrifar Indriði G. Þorsteinsson, rithöfundur, en bókartextann skrifar Jónas Jónasson útvarpsmaður. Þetta er ekki beint ævisaga, segir Sigfús; ekki viðtalsbók heldur, en fjallar á frjálslegan hátt um ævi Sigfúsar og samfylgd við listagyðjurnar. Ferill Sigfúsar er tekinn saman í lokin og þýddur á dönsku og ensku. Í bókinni er urmull litprentaðra mynda af verkum Sigfúsar og það sem gerir hana sérstaka: Aftast í bókinni er plata með völdum lögum tónskáldsins og prentaðir textar viðkomandi ljóða. Hljómplatan ræður að sjálfsögðu stærð og útliti bókarinnar; hún er í sömu stærð og plötuumslag, kápan dökk og ekkert á henni, nema að sjálfsögðu litla flugan.

Auk bókarinnar kemur út 118 síðna söng-lagahefti með lögum Sigfúsar og heiðrar Kópavogsbær tónskáldið á sjötugsafmæli með þeirri útgáfu. Í heftinu eru 40 lög, mörg þeirra ný og útsetningar eru á lögum Sigfúsar fyrir karlakóra. Heftið verður einnig kynnt á sýningunni.

Sigfús kvaðst halda, að hann hafi áður haldið 8 sýningar á Reykjavíkurmyndum. Sú síðasta var sumarið 1986 á 200 ára afmæli Reykjavíkur. Sigfús hefur ekki setið auðum höndum síðan og enn sýnir hann Reykjavíkurmyndir, málaðar með vatnslitum. Megnið af þeim er úr Kvosinni og af húsum og götum þar í kring. Sigfús málar líka portret af fólki, en þau verða ekki með núna, nema eitt af Vilhjálmi skáldi frá Skáholti, sem verið hefur á mörgum sýningum Sigfúsar.

Sýning Sigfúsar stendur fram að jólum og allan tímann mun tónlistin fá sitt rúm. Meðan sýningin stendur munu tónlistarmenn öðru hvoru koma fram á kvöldin. Þetta verður með öðrum orðum marghliða listahátíð hjá Sigfúsi Halldórssyni, sem lífgar uppá skammdegið.

G.S.



Opus, 1989, 35x60 sm. Ljósm.Lesbók/Þorkell

Afstrakt sem minnir á landslag

Sýning Rúnu Gísladóttur í FÍM-salnum í Garðastræti hófst fyrir viku og stendur hún til 11. desember. Því miður var ekki hægt að gera henni skil fyrr vegna rúmleysis og raunar lenda sumir sýnendur í því að liggja óbættir hjá garði, þegar 5-6 nýjar sýningar hefjast um sömu helgina. Það er hinsvegar regla sem reynt er að fara eftir, að kynna sem flestar einkasýningar.

Rúna Gísladóttir hefur áður sýnt á Kjarvalsstöðum fyrir þremur árum og þar að auki sýndi hún á Blönduósi og á Siglufirði. Í 11 ár, eða frá því hún var við nám í Myndlista- og handíðaskóla Íslands, hefur hún ræktað þá myndgerð, sem á útlendum tungum heitir collage. Þesskonar verk hafa stundum verið nefnd klippimyndir á íslensku, en Rúna benti réttilega á, að sú nafngift sé vafasöm í hennar tilviki, því hún rífur oftast í stað þess að klippa.

Aðferð Rúnu er líka sérstæð í þá veru, að hún byggir ekki á tilbúnum aðföngum, þ.e. prentuðum myndum, eða mynstruðum pappír, nema að örlitlu leyti. Þess í stað hefur hún þróað þá persónulegu tækni, að mála með akrýl á hvítan pappír með ýmsu móti áður en hún rífur hann niður og skeytir saman.

Áhorfandinn fær þá hugmynd, að hér sé verið að búa til hálf-afstrakt landlagsmyndir eins og nú er raunar í tízku, enda lýsa sýnendur því nú yfir næstum því í kór, að þeir séu að fást við landslag. Rúna kveðst hinsvegar byrja hvert verk óbundin af ákveðinni hugmynd. En í meðförunum vill stundum svo til, að myndin fer ósjálfrátt að gefa hugmynd um landslag og þá kveðst Rúna skerpa á þeirri hugmynd.

Rúna fékk í fyrra þriggja mánaða starfslaun í fyrra og vann þá samfleytt við hluta þeirra verka, sem hún sýnir nú í FÍM-salnum. Auk collage-myndanna sýnir hún nokkur málverk. Jafnframt því að vinna að list sinni og sinna húsmóðurstörfum, hefur Rúna kennt myndlist á námskeiðum, sem hún heldur í vinnustofu sinni að Selbraut 11 á Seltjarnarnesi. Þar hefur hún verið með 6-10 manns í einu, unga og gamla, og sumir hafa komið aftur og aftur. GS.